

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið, samkv. heimild í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., að frá og með 1. maí 1972 skuli innflytjendur vöru, áður en innflutningsskjöl eru afhent tollyfirvöldum til tollmeðferðar, færa tollskrárnúmer binnar innfluttu vöru inn á viðkomandi vörureikning, fyrir framan eða aftan heiti vörunnar.

Þetta tilkynnaist hér með öllum þeim aðilum, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 10. apríl 1972.

F. h. r.

Björn Hermannsson.

Dorsteinn Ólafsson.

1. febrúar 1972.

Nr. 93.

REGLUR

um úthlutun styrkja af fé því, er veitt er í fjárlögum 1972 til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms.

I. Tilgangur.

1. Tilgangur styrkjanna er:
 - a) að bæta aðstöðu þeirra framhaldsskólanemenda, er verulegan ferðakostnað hafa vegna náms,
 - b) að bæta aðstöðu framhaldsskólanemenda, er verða að dvelja við nám fjarri heimilum sínum, án þess að eiga kost á skólaheimavist.
2. Framhaldsskólar í þessu sambandi eru:
 - a) Gagnfræðastigsskólar ofan skyldunáms.
 - b) Menntaskólar.
 - c) Kennaraskólar.
 - d) Sérnámskólar.

II. Beinir styrkir.

3. Veittir skulu tvenns konar beinir styrkir til framhaldsskólanemenda, — ferðastyrkir og dvalarstyrkir.
4. Ferðastyrkir, allt að þremur fjórðu, eru veittir vegna ferðakostnaðar við tvær ferðir að og frá skóla. — Ferðastyrkir eru miðaðir við áætlaðan ferðakostnað frá lögheimilissveitarfélagi nemanda að skóla. Fyrir skólaárið 1971/72 verða ekki greiddir styrkir vegna ferðakostnaðar, sem er samtals lægri en kr. 1000.00.
5. Dvalarstyrkir eru veittir þeim nemendum, er verða að dvelja utan heimila sinna, án þess að eiga kost á skólaheimavist. Fyrir skólaárið 1971/72 er hámark dvalarstyrks kr. 1350.00 á mánuði. Miða skal við nauðsynlegan dvalartíma á skólastað vegna námsins, að meðtöldum skólafríum.